

Atvinnuveganefnd Alþingis  
Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

*Sent í tölvupósti*  
Reykjavík, 26. maí 2021

**Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um matvælaframleiðslu- og menntunarklasa á Árborgarsvæðinu, 672. mál**

Vísað er til umsagnarbeiðni í tölvupósti frá nefndsviði Alþingis frá 19. maí sl. þar sem óskað var eftir umsögn Bændasamtaka Íslands um ofangreint mál. Í tillögunni er lagt til að ríkisstjórninni verði falið að setja á fót starfshóp sem vinni tillögur um hvernig best verði komið á fót klasa um innlenda matvælaframleiðslu og menntun henni tengda í Árborg. Í þingsályktuninni er lagt til að í starfshópnum eigi sæti fulltrúar BÍ, Sambands garðyrkjubænda, Garðyrkjuskólans að Reykjum, Landgræðslunnar o.fl. Bændasamtökin hafa farið yfir efni tillögunnar og vilja koma eftirfarandi á framfæri.

Nokkuð óljóst er hvaða hlutverki klasinn muni gegna, mun verða veittur aðgangur að aðstöðu og tækjum til þróunar og rannsókna eða er klasinn fremur hugsaður sem hugmyndasetur. Þá er í greinargerð vikið að Landbúnaðarklasanum, sem stofnaður var árið 2014 að frumkvæði Bændasamtaka Íslands, og segir jafnframt að hugsanlegt sé að nokkurt samstarf geti átt sér stað milli nýs klasa í Árborg og Landbúnaðarklasans. Bændasamtökin benda á að Landbúnaðarklasinn er nær eingöngu rekinn af félagsgjöldum. Í stað þess að komið verði á fót nýjum klasa er edlilegra að virkja og efla þá þekkingu sem til staðar er í Landbúnaðarklasanum. Að mati samtakanna er fyrst og fremst nauðsynlegt að horfa til þess að nýta sem best verkfæri og vettvang sem þegar hefur verið komið á fót til að stuðla að því að ná megi markmiðum um sjálfbærni og eflingu innlendrar matvælaframleiðslu.

Í þessu samhengi er einnig rétt að nefna að MATÍS hefur gert tilraunir með Matarsmiðjur landið um kring þar sem frumframleiðendur matvæla hafa fengið aðgang að iðnaðareldhúsi til þróunar matvæla. Þær tilraunir gengu ekki upp að öllum líkindum vegna fjárskorts og áhugaleysis stjórnvalda.

Að lokum er bent á að Bændasamtökin skipa fulltrúa í um á fjórða tug starfshópa og nefnda á vegum hins opinbera endurgjaldslaust. Að því sögðu eru fulltrúar Bændasamtakanna reiðubúnir að koma á fund nefndarinnar til frekari umræðu og skoðanaskipta.

Virðingarfyllt,  
f.h. Bændasamtaka Íslands

Guðrún Vaka Steingrímsdóttir